

## FUNDARGERÐ

### 4. fundur

Fundur í stjórn FÍSOS 1. febrúar 2012 í Listasafni Íslands

Mættir: Sigríður Melrós Ólafsdóttir, formaður, Bergsveinn Þórsson, Hildur A. Gunnarsdóttir, Jón Allansson og Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Á fjarfundi: Arndís Bergsdóttir og Haraldur Þór Egilsson.

Formaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar dreift.

Dagskrá:

1. Skýrsla frá Farskóla safnamanna 2011.

Á heimasíðu er einungis að finna skýrslu um hópavinnu. Formaður ætlar að kalla eftir heildarskýslu um farskólann.

2. Endurmenntunarnámskeið í samvinnu við HÍ:

Rætt um fyrirkomulag skráningar á námskeiðið sem er á vegum HÍ (safnafræði).

Heildarstyrkur FÍSOS til þessa verkefnis er kr. 105 þús. Formaður hefur samband við Sigurjón Baldur um hvernig styrknum verði varið.

3. Umsókn um styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Ekkert er enn að fréttast af þessu máli. Rætt um að hafa samband við Eirík Þorkláksson hjá ráðuneytinu og nefndarmenn í úthlutunarnefnd. Formaður og varaformaður munu panta tíma hjá ráðherra á næstunni til að ræða styrkumsóknina.

4. Önnur mál:

**Vefsíða:** Formaður ræddi um að uppfærsla á vef FÍSOS væri ekki að ganga vegna tímamismunar, en umsjónarmaður er í annarri heimsálfu. Rætt um að hafa samband við umsjónarmann, Elfu Hlín og hugsanlega færa vefumsjón inn í stjórn FÍSOS. BP og HAG myndu þá taka að sér vefinn til að byrja með.

**Nýir félagar:** JA sagði að góðar heimitur væru á nýjum félögum úr safnafræðinni og einnig hagnýtri menningarmiðlun, HÍ – en samtals væru þetta 29 nýir meðlimir. Næsta mál væri að öll söfn gengju í FÍSOS. Til að hvetja til þess að svo verði má benda á ýmsa kosti aðildar svo sem ókeypis fyrirlestra. Rætt um munin á FÍSOS og ICOM og hvernig starfsemi þessara félaga skarast. Formaður sagðist hafa verið boðaður á fund hjá ICOM Ísland vegna nýju safnalaganna og mun miðla umræðum og niðurstöðum hans til stjórnar.

**Náttúruminjasafn:** Formaður safnins hefur óskað eftir að hitta formann FÍSOS. Rætt um hvernig beri að taka á málum varðandi Náttúruminjasafn með hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir þar á meðal skýrslu Ríkisendurskoðunar.

**Farskólinn 2012:** Farskólastjórn þarf að fara að hittast. Rætt hefur verið um að þema næsta farskóla gæti orðið um framtíðarsýn í safnamálum með hliðsjón af nýjum safnalögum eða

söfn og menningararf. Rætt um að það þurfi að fara öflug umræða fram varðandi þessi mál og hlutverk FÍSOS í þeim umræðum.

Fleira gerðist ekki – fundi slitið.